

Borgarráð

Stefna Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi

Að beiðni borgarráðs var stefna Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi lögð fram á starfsmannavef borgarinnar opin til umsagnar fyrir starfsmenn borgarinnar. Engar efnislegar athugasemdir bárust, einungis athugasemdir í tengslum við prófarkalestur. 17. nóvember síðastliðinn á fundi borgarráðs kom fram athugasemd við nafn stefnunnar, þar sem ekki þótti koma nægilega skýrt fram að hún gildi fyrir starfsfólk borgarinnar en ekki þjónustuþega hennar. Undirrituð skoðaði sambærilegar stefnur á fleiri stöðum og til að mynda er titill hennar hjá ríkinu "Stefna Stjórnarráðsins gegn einelti", sem er líklegast nærtækasta dæmið fyrir Reykjavíkurborg að bera sig saman við. Hjá Kópavogsbæ ber stefnan nafnið "Eineltisstefna Kópavogsbæjar" Lagðar eru fram tvær tilögur: Óbreyttur titill: Stefna Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi og hin tillagan væri: Stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi – fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar.

Ragnhildur Ísaksdóttir
Starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar